

Lög

**um breytingu á lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990,
með síðari breytingum (lögbann við birtingu efnis).**

1. gr.

Við 3. mgr. 26. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ef beiðni lýtur að lögbanni við birtingu efnis skal lögð fram trygging til bráðabirgða eftir reglu 3. mgr. 8. gr.

2. gr.

Við 1. mgr. 29. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ekki skulu veittir frestir þegar beiðni lýtur að lögbanni við birtingu efnis ef gerðarþoli andmælir framgangi lögbannsgerðar á þeim grunni að hún stríði gegn réttindum sem varin eru af 73. gr. stjórnarskrárinna, nema þegar sérstaklega stendur á.

3. gr.

Við 2. mgr. 36. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þegar lögbann hefur verið lagt við birtingu efnis og gerðarþoli hefur andmælt framgangi lögbannsgerðar á þeim grunni að hún stríði gegn réttindum sem varin eru af 73. gr. stjórnarskrárinna fer um málið eftir ákvæðum XIX. kafla laga um meðferð einkamála, eftir því sem við á, og er þá ekki þörf á samþykki forstöðumanns dómstóls fyrir því að málið sæti flýtimeðferð.

4. gr.

Við 1. mgr. 42. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Einnig er heimilt að dæma skaðabætur eftir álitum ef lögbann hefur verið lagt við birtingu efnis og gerðarþoli andmælti framgangi lögbannsgerðar á þeim grunni að hún stríddi gegn réttindum sem varin eru af 73. gr. stjórnarskrárinna.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 11. maí 2021.